



„Nú er ekki lengur deilt um hvort virkja skuli Blöndu eða ekki og hefur raunar aldrei verið. Engum manni hef ég kynnst sem er alfarið á móti virkjun árinna. Nú stendur deilan um það, hvort mynda skuli miðlunarlón fyrir virkjunina með stíflu við Reftjarnarbungu, sem færa mundi í kaf um 60 ferkilómetra af algrónu landi, eða stífla ána við Sandárhöfða, sem myndi þýða það, að rifur helmingur landsins slyppi við eyðingu”.

mörgum trú um að hún væri svo ósköp góð fyrir Krókinn. Nú er líka altalað að þeir eigi að fá óskum sínum framgengt í því efni, gegn því að þeir verði góðu börnin og gefi Sunnlendingum eftir steinullarverksmiðjuna möglunarlítið. Reynist þetta rétt, þá má með sanni segja að oft hafi Skagfirðingar farið betur út úr hrossakaupum. Sýnist mér það ójöfn skipti að verða af ágætri verkmiðju sem veita myndi mikla atvinnu um ofyrirsjáanlega framtíð, en fá í staðinn þá atvinnumola sem falla af borðum Húsvetninga við byggingu Blönduvirkjunar ásamt nærtæku rafmagni fyrir verkmiðju sem ekki yrði reist. Þá hafa þau tíðindi gerst að Fjörðungssamband Norðurlands hefur gert magnaðar ályktanir til stuðnings þessari miklu landeyðingarvirkjun til öflunar orku fyrir stóriðju við Eyjafjörð. Ekki virðast náttúruverndarsjónarmið veiga þungt hjá þeim Norðlendingum sem samþykkja hvortveggja í senn, því vandfundin mun á Íslandi óheppilegra svæði fyrir stóriðju, sem gjarnan fylgir mengun, en Eyjafjörðurinn. Svokölluð staðarvalsnæfnd hefur starfað á vegum iðnaðarráðuneytisins til að meta kosti og galla ýmissa þéttbýlisstaða fyrir staðsetningu stóriðju. Var sá háttur hafður á að gefa einkunnir fyrir einstaka þætti svo sem félagsleg áhrif, náttúruskiptir o.fl. Í náttúruskiptirum fyrir stóriðju fékk Akureyri 0. Þennan vanda vilja stóriðjudýrkendur þar leysa á þann hátt að koma væntanlegu iðjuveri af sér á nágrannana út með firðinum. Aðvitað veitir Blönduvirkjun mikla atvinnu. Hún mun þó verða öllu meiri ef um tilhögun 2 er að ræða. Svo hef ég aldrei getað fundið nein rök

fyrir því að við Norðlendingar eigum heimtingu á atvinnu við virkjanir fremur en þeir sem á Austurlandi búa. Yfirleitt skil ég ekki, hvaða forgangsrétt Blönduvirkjun hefur umfram Fljótsdalsvirkjun. Hafa Blönduvirkjunarmenn kannski unnið þann rétt með „suðurgöngunni“ frægu? Myndi þá bara verða að kasta hlut um hvort yrði fyrir virkja á Norður- eða Austurlandi, ef hinir „gengju“ líka suður? Blönduvirkjun veitir að sjálf sögðu öryggi gegn bilunum á byggðalunni en það á jafnt við hvort sem valin verður virkjunarleið 1 eða 2, ennfremur á það við um Héraðsvatna- og Fljótsdalsvirkjun. Sama er að segja um þá röksemd að Blönduvirkjun liggja vel við orkuflutningi til Suðvestur- og Vesturlands, að hún á jafnt við, hvorn virkjunarkostinn sem um er rætt. Einsú röksemd, sem færð hefur verið fram fyrir Blönduvirkjun, er sú, að það sé allt í lagi að leggja þetta land undir vatn, þar sem bæði megi bæta það fébótum og græða upp land í staðinn eftir því sem um semjast. Samkvæmt áliti fróðustu manna um þá hluti mun erfitt að græða örfoka land í þessari hæð með skaplegum kostnaði svo að varanlegt verði. En ef hægt væri, þá myndi það ekki skapa neinn rétt til að spilla gróðri að þarflausu, þar sem hann hefur vaxið af sjálfstöðum frá ómunatíð. Eg hef nú leitað við að skoða rök þeirra, sem fastast knýja á um Blönduvirkjun með landskemmdum miklu. Flest eiga þau jafnt við um tilhögun 1. Sum eiga einnig við um Villinganes- og Fljótsdalsvirkjun. Eftir stendur sú röksemd að Blanda 1 sé ódýrasti virkjunarkosturinn. Nú spyr

ég: Má þá engu fórna til að bjarga helmingnum eða meira af þessum 60 ferkm. af algrónu landi? Þeir aðilar sem staðsetja virkjanir og ákveða gerð þeirra virðast telja sér skylt að horfa fram hjá náttúruverndarsjónarmiðum. Lengst hefur þetta gengið, þegar Myvetningar, sem jafnan eru löghlýðnir og seintreyttir til vandræða, sáu sig tilneydda af náttúruverndarástæðum að sprengja í loft upp stífluna í Miðkvísl, sem enn er mönnum í fersku minni. **Bætum þjóðargjöfina** Svo segja fróðir menn, að náttúruvernd megi skipta í þrjá aðalflokka. Í fyrsta lagi verndun þess sem er fallegt, merkilegt og sjaldgæft. Annar flokkur er sá er snýst um nýtingu gróðurs og lífríkisins yfirleitt. Í þriðja lagi er svo sú tegund náttúruverndar sem er tilkomin af virðingu fyrir lífinu sjálfu. Hún á ítök í flestum Íslendingum, fylgir siðmenningunni og vex með henni. Það fór fagnadaraalda um Þingvelli þegar þjóðin gaf sjálfri sér afmælisgjöfina til gróðurverndar og uppgræðslu landsins á Þjóðhátíðinni 1974. Sá aukni kostnaður, sem yrði við virkjun Blöndu með tilhögun 2, myndi bjarga stóru landsvæði frá gróðureyðingu og væri því í eðli sínu bein viðbót við þjóðargjöfina. Þessa viðbót mun þjóðin gefa með ánægju, með fullri virðingu fyrir þeirri lagagreini, sem vitnað er til í upphafi þessa máls. Gílsbakka 20. nóv. 1981. Hjörleifur Kristinnson.


Þingfréttir

# Sýslunefndir án sýslumanna

■ Böðvar Bragason hefur mælt fyrir frumvarpi um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Aðrir flutningsmenn eru Davíð Abalsteinsson og Stefán Guðmundsson. Í greinargerð er mímmt á, að lengi hafi átt sér stað umræða um stöðu og hlutverk sveitarstjórna, m.a. hvernig haga skuli fjármálalegum tengslum ríkisvalds og sveitarstjórna og hvernig verkefnum skyldi skipta, svo og spurningin um stærð sveitarstjórnarumdæma. Bent er á, að verkefnaskiptinganeftir ríkis og sveitarfélaga hafi lokið störfum og skilað tillögum sem miða í rétta átt um verkaskiptingu en þær eru svo víðtækar, að ef ná á þeim fram krefst það heildarendurskoðunar á sveitarstjórnarlögum og tekur það sinn tíma. Hins vegar er hægt að ná einföldustu og nauðsynlegustu endurbótum sem koma má í framkvæmd nú með því einu að gera óverulegar breytingar á gildandi sveitarstjórnarlögum. Með þessu frumvarpi er lagt til að sveitarfélögin verði jafnréttá og að jafnframt verði samvinna aukin á héraðargrundvelli, en hún mun síðan, þegar fram í sækir, leysa þann vanda sem mörgum virðist sameiningarmálið vera í dag. Enn fremur er lagt til að sveitarstjórnir skuli framvegis ísra beint undir félagsmálaráðuneytið og verði allt eftirlit sýslunefnda með þeim afnumið. Einnig skal skorið á bein afskipti sýslumanns f.h. ríkisvaldsins af málefnum sveitarfélögunna með því að þeir hverfi úr sýslunefndum. Sýslunefndir hafa þjónað sínu hlutverki vel, en þær eru nú rúmlega aldargamlar. Flestar þeirra hafa í tímann ráð svarað sameiginlegum kröfum héraðanna um aðgerðir á hinum margvíslegu sviðum, en á síðustu áratugum hefur komið til nýtt afl þar sem er samvinna sveitarstjórnarmanna sjálfrá án þátttöku sýslunefndanna og hefur ein aðalástæða þeirrar þróunar verið sú, að allt aðrir aðilar hafa verið í sýslunefndum en sveitarstjórnun. Tengsl þessara aðila hafa því ekki verið nægilega mikil til þess að þeir væru samstiga um brýn hagsmunamál. Í frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð, að í sýslunefndum sitji eingöngu fulltrúar úr hópi sveitarstjórnarmanna. Þar með verða sýslunefndir samstarfsvettvangur sveitarstjórnanna sjálfrá án beinna afskipta ríkisvaldsins og þar getur því m.a. þróast sá frjálsi samvinnugrundvöllur sem sveitarstjórnun er nauðsynlegur í dag. Þá munu sýslunefndir fara með þau verkefni sem þeim eru enn falin að lögum, en þar ber hæst verkefni í vegamálum. Ljóst er að þar verða sveitarfélögin að vinna saman að málum því annar kostur er einungis sá að afhenda ríkisvaldinu alla ákvarðanatöku um sýsluvegagerð. Að öðru leyti yrði sýslunefndin vettvangur fyrir frjálst samstarf. Gerð er tilraun til þess að fá kaupstaðina til þátttöku í þessu samstarfi með því að gera ráð fyrir því, að þeir geti eignast áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í þeirri sýslunefnd sem næst þeim liggur. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því, að félagsmálaráðherra geti að fengnum tillögum heimamanna breytt mörkum kaupstaða og sýslna. Nauðsyn slíkra aðgerða blasir við í nokkrum héruðum og er lagabreytingu þessari ætlað að auðvelda þá framkvæmd. Að lokum er það ákvæði, að fundi sveitarstjórna skuli halda í heyranda hljóði. Þær kröfur, sem nú eru gerðar um lýðræðisleg vinnubrögð, hafa fyrir löngu gert þá skipan mála nauðsynlega.

# Jarðgöng, vegþekjur og breikkun hættulegra vega

■ — Í sumar var unnin ítarleg undirbúningsvinna á þeim þrem vögum, sem hvað hættulegastir eru taldir hér á landi, með það fyrir augum að bæta þá og gera öruggari fyrir umferð. M.a. var fenginn hingað erlendir sérfræðingur til að vera ráðgefandi um málið. Hef ég lagt málið fram í ríkisstjórninni og viðaukatillaga verður flutt við vegaáætlun. Er áætlunin, að fé af vegaáætlun verði ekki varið til þessara verkefna, en sérstaks viðbótarfjár aflað. Þetta sagði Steingrímur Hermannsson, samgönguráðherra á Alþingi, er hann svaraði fyrirspurn frá Karvel Palmasyni, um hvenær væri að vænta þeirrar viðaukatillögu við vegaáætlun sem samgönguráðherra lýsti yfir, að hann myndi beita sér fyrir við afgreiðslu vegaáætlunar á s.l. vori og varðar framkvæmdir við hina svonefndu Ó-vegi. Samgönguráðherra gerði nánari grein fyrir Ó-vegum og sagði m.a.: Lokið er athugnum á vegunum fyrir Ólafsvíkurenni og Óshlíð, og komin er áfangaskýrsla um Ólafsfjarðarmúlaveg. Astæðan til að rannsóknunum þar er ekki lokið er, að það er langstærsta verkefnið. Þar kemur til greina að gera jarðgöng, misjafnlega löng og er ekki hægt að taka ákvörðun um það á þessu stigi hvernig hagkvæmast verður að verki staðið. Um hin verkefni er það að segja, að Vegagerðin hefur skoðað mismunandi lausnir á Ólafsvíkurennisvegi. Ein er sú að byggja þekjur yfir veginn. Önnur er að grafa göng, þriðja að endurbæta og breikka þann veg sem nú er. Fjórdi að leggja veginn handan Ennis og fimmta leiðin er að leggja veginn niðri í fjöru og mæli Vegagerðin með þeirri lausn. Er það hvorki ódýrasta né dýrasta lausnin en að mati sérfræðinga sú hyggilegasta. Um Óshlíðina er það að segja, að þar hefur Vegagerðin m.a. skoðað gangnagerð, en lagt megináherslu á að athuga gerð vegþekju og aðrar framkvæmdir, fyrst og fremst breikkun vegarins. Í sumar starfaði hér norskur sérfræðingur á þessu sviði og skilaði fróðlegri skýrslu í haust og leggur hann megináherslu á verulega breikkun vegarins og verður gerður 5-10 metra breiður skurður ofan vegarins sem taki við grjóthruni. Hins vegar mæli hann með þekju á einn stað sem góðri lausn og til vara þekju á tvo eða þrjá stöði aðra þar sem svo háttar til að hún verði betri lausn en breikkun vegar og skurður. Samt sem áður er meginverkefnið breikkun vegarins. 00



■ Örn Ingi, myndlistarmaður frá Akureyri

Þetta sést ákaflega vel ef listferill Arnar Inga er skoðaður. Fyrstu myndirnar er undirritaður sá, voru stórgerður, undarlegur frumgróður. Síðan komu myndir frá tunglinu eða reikistjörnunum. Síðan var komið á jörðina og reynt við grasíð, húsin og þorpið við ströndina, þar sem vindurinn gnaubadi. Það tók sum sé dálitinn tíma að finna sig sjálfan eins og þar stendur. Finna færa leið, annaðhvort einstigi, eða breiðan veg, er hæfir réttu göngulagi, og breytast með dögnum. A síðustu sýningu, undruðumst við hinn mikla hagleik þessa norðlenska listamanns, og það munu menn gjöra, sem nú sjá sýningu hans á Kjarvalsstöðum. Ef til vill má flokka þessi myndverk undir nýlist — og það eru sum þeirra svo sannarlega og önnur liggja á bili málverka, eða veggmynda og skúlptúra. Annars er skilgreiningin fremur örðug. Í hugann koma nöfn eins og Hans Haacke og Nam June Paik og jafnvel gerningalist (sjónvarp steinn og bók), sem er vissulega ögrandi. En það er þó fyrst og fremst hið vandaða handbragð er gefur myndunum trúverðugan blæ. Með þessum hætti vinna ekki margir íslenskir myndlistarmenn nema ef vera kynnu Bragi Asgeirsson og Magnús Tómasson.

Það hefur lengi verið galli á nýlist okkar, hversu lélegt handbragðið hefur verið, samanborið við hugmyndirnar, en þarna haldast tæknin og hugmyndaflug-ið i hendur og halda áfram göngu sinni hönd í hönd. Í sýningar skrá segir Örn Ingi á þessa leið: „Þessi sýning sem er svo gjörólik fyrri sýningum, er ekki afsprengr skýndilegrar hugdettu, heldur miklu fremur útrás þeirrar upplifunar og reynslu sem áunnist hefur í daglegu amstri á löngum tíma. Sýningin er í senn hugmynd og ímynd þess sem sótt er í hversdagslegan raunveruleikann og í næsta nágrenni þess sem almennt má teljast ihugun andstöðra samhengisforma lífskeðjunnar”. Undir þetta getum við tekið og hvetjum menn til að sjá þessa athyglisverðu sýningu. 9. nóv. 1981 Jónas Guðmundsson



Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist.